

Fundarnúmer:	558
Dagsetning:	15.09.2008
Tími:	10:00
Staður:	Fundarsalur Ráðhúss

Dagskrá:

1. Málefni félagsþjónustu Húnaþings vestra.
2. Umsókn um tímabundna leikskóladvöl utan lögheimilissveitarfélags.
3. Fundargerð stjórnar SSNV frá 3. september sl.
4. Bréf framkvæmdastjóra SSNV um þátttöku sveitarfélaga í evrópskum samstarfsáætlunum.

Afgreiðslur:

1. Sveitarstjóri og skrifstofustjóri greindu frá því að Henrike Wappler hafi óskað eftir því að framlengja leyfi sitt frá starfi félagsmálastjóra til 1. júlí 2009 og að hún gegni starfi almenns félagsráðgjafa í fullu starfi frá 10. nóvember til 1. júlí nk. Byggðarráð samþykkir þetta fyrirkomulag. Byggðarráð samþykkir framlengingu á tímabundinni ráðningu Odds Gíslason í starf félagsmálastjóra til 1. júlí nk.. Henrike stundar nú diplomanám í barnavernd og samþykkir byggðarráð að nám hennar falli að vinnureglu um starfsafslátt.
 2. Fram lögð umsókn um tímabundna leikskóladvöl utan lögheimilissveitarfélags. Akureyrarbær hefur samþykkt að greiða framlag vegna dvalar Jökuls Daða Guðmundssonar á leikskólanum Ásgarði frá september 2008-júní 2009.
 3. Til kynningar lögð fram fundargerð stjórnar SSNV frá 3. september sl. Guðný Helga Björnsdóttir skýrði einstaka liði fundargerðarinnar.
 4. Til kynningar lagt fram bréf framkvæmdastjóra SSNV þar sem kynnt eru áform alþjóðanefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga um átak til að auka þátttöku sveitarfélaga í evrópskum samstarfsáætlunum.
- Fundargerð upplestin og samþykkt. Fundi slitið kl. 11:10.
Heimir Ágústsson(sign.), Skúli Þórðarson(sign.),
Guðný Helga Björnsdóttir(sign.),
Elín R. Líndal(sign.),

Áheyrnarfulltrúi:

Oddur Sigurðarson(sign.).